



Skíðaríng 2015

Skýrslur nefnda



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3
Skýrsla alpagreinaneftdar	7
Skýrsla skíðagöngunefndar	11
Skýrsla snjóbrettaneftdar	13
Skýrsla mótaneftdar	14
Tölfræði	17

Skýrsla stjórnar SKÍ 2014/2015

Á Skíðaþingi 2013 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Einar Þór Bjarnason formaður
- Ögmundur Knútsson varaformaður
- Smári Þorvaldsson gjaldkeri
- Margrét Halldórsdóttir ritari
- Birgir Gunnarsson meðstjórnandi
- Egill Ingi Jónsson meðstjórnandi
- Friðbjörn Benediktsson meðstjórnandi

Sem varamenn stjórnar voru þau kosin:

- Dagbjartur Halldórsson
- Anna Laufey Sigurðardóttir
- Eðvarð Garðarsson

Á starfsárinu hittist stjórnin á sjö stjórnarfundum og hélt tvo símafundi. Fundirnir voru haldnir í Reykjavík utan tveggja, annar á Akureyri og hinn á Dalvík í tengslum við SMÍ. Auk formlegra funda voru stjórnarmenn í tölvu- og símasambandi um málefni og úrlausn einstakra mála hreyfingarinnar. Á Ársfundi 2014 baðst Margrét Halldórsdóttir lausnar frá stjórnarstörfum og tók Dagbjartur Halldórsson sæti hennar.

Stjórnin lauk stefnumótun sambandsins á tímabilinu og var stefnan samþykkt á Formannafundi 2014. Nú er afreksstefna sambandsins í endanlegri útfærslu lögð fyrir Skíðaþing til samþykktar. Mikilvægt er að stefna SKÍ sé leiðarljós fyrir stjórn, nefndir og aðildarfélög til að vinna eftir og sé öllum ljós. Mikil vinna var lögð í aðkomu aðildafélaga að þessari stefnumótun og mikilvægt að halda þessari stefnu lifandi þannig að hægt sé í samstarfi við aðildarfélög að aðlaga hana breytingum í umhverfi okkar. Tillögur um breytingar á lögum sambandsins m.a. varðandi nefndaskipan endurspeglar stefnu sambandsins.

Mikið var um að vera á skrifstofu SKÍ. Á haustmánuðum 2014 var Siguróli Sigurðsson ráðinn í hlutastarf til að sjá um fjölmiðlatengsl og kynningarmál ásamt því að aðstoða við ferðaskipulag, uppgjör og frágang vegna móta. Það var kærkomin hjálp því stöðugt meira mæðir á skrifstofunni vegna rekstrar hreyfingarinnar. Markmiðið var að auka umfjöllun sambandsins um málefni líðandi stundar og fékk fésbókarsíða sambandsins góðar viðtökur. Er óhætt að segja að þessi áhersla á umfjöllun um verkefni sambandsins hafi skilað sér í fjölmiðlana og þar með í meiri vitund almennings. Því miður misstum við þennan starfskraft af skrifstofunni í lok janúar og er það skarð fyrir skildi. Okkar er nú ljóst að það verður að leggja meiri rækt við þennan þátt starfseminnar og bæta úr stöðunni.

Snjór um víða veröld (e. FIS World Snow Day) verkefnið var á sínum stað og var dagurinn haldinn hátíðlegur á öllum skíðasvæðum landsins. Undirbúningur hófst tímanlega og var veglegri en áður og skilaði það sér. Þannig fengu flest skíðasvæðin ríkulegan búnaðarpakka frá FIS endurgjaldslaust en þurftu að sjá sjálf um kostnað vegna flutnings og

aðflutngingsgjalda. Þessi búnaðar hefur nýst svæðinum til ýmissa viðburða í vetur. Það er alveg ljóst að þetta verkefni skilar hreyfingunni athygli og þarf að sinna því vel á hverju ári en sú ábyrgð mun einnig hvíla á félögunum og hreyfingunni að koma að þessu og fylgja þessu eftir.

Eftir að Útbreiðslu-, fræðslu- og sögunefnd varð óvirk hafa fag nefndir sambandsins séð almennt sjálfar um sín fræðslumál en erfiðlega gekk að koma fræðslumálum alpagreina af stað. Ljóst er að breyta þarf skipulagi þessa málaflokks og samræma hjá öllum nefndunum. Bretta- og Skíðagöngunefnd sáu sjálfar um sín fræðslumál með aðkomu skrifstofunnar en Alpagreinaneftnd þurfti heldur meiri aðstoð. Hluti af stefnumótun SKÍ er að samræma starf nefndanna og gera þær ábyrgar fyrir öllu starfi innan síns fagsviðs svo sem fræðslu, útbreiðslu og mótahaldi en ekki eingöngu landsliðsmálum. Bindur stjórnin vonir við að breytingar á lögum um nefndaskipan styðji enn frekar við þessa vinnu

Það voru þó haldin námskeið í öllum greinum. Í alpagreinum var fenginn fræðslustjóri bandaríska skíðasambandsins, Ron Kipp, til að vera með bóklegt og verklegt námskeið. Í skíðagöngu kom einn af landsliðsþjálfurum Norðmanna og var með námskeið á samæfingu í Reykjavík. Öllum skíðaþjálfurum var boðið að hlýða á fyrirlestur hans. Hjá brettamönnum var svo dómara námskeið, en fengin var alþjóðlegur dómari til landsins. Einnig var haldið eftirlitsmannanámskeið í alpagreinum þar sem okkar alþjóðlegu dómara fóru yfir það helsta í heimi eftirlitsmanna. Fræðslumálum þarf að sinna meira og er sambandið með námsskrá á teikniborðinu fyrir komandi ár í öllum greinum. Mikilvægt er að hafa vel menntað þjálfara/dómara/eftirlitsmenn til þess að fá meiri fjölbreytni í starfið.

Í útbreiðslumálum er ýmislegt framundan hjá sambandinu. Í samstarfi við FIS mun SKÍ verða hluti af Speed Skiing (hraðabrun) næsta vetur. Hluti af stefnumótun sambandsins var að kynna nýjar greinar og hefur Speed Skiing (hraðabrun) orðið fyrir valinu. Mikið af tækifærum er í þessari nýju grein og mun sambandið kynna hraðabrun betur fyrir aðildarfélögum sínum á næstunni. SKÍ hefur átt í viðræðum við RÚV um aukinn sýnileika skíðaíþróttarinnar sem og starfsemi sambandsins í sjónvarpi landsmanna. Viðræður ganga vel og vonandi verða þessar hugmyndir að veruleika strax næsta vetur.

Rekstur sambandsins árið 2014 gekk vel. Þetta er í fyrsta sinn sem gert er upp heilt rekstrarár eftir að rekstarárinu var breytt í almanaksár í kjölfar lagabreytinga sem áttu sér stað 2013. Samkvæmt ársuppgjöri er hagnaður af rekstri sambandsins upp á um 3 m.kr. og tekjur sambandsins námu um 83 m.kr. Reksturinn var að mestu í samræmi við áætlun og í föstum skorðum en hærri tekjur frá FIS en ráðgert var skýrir góðan rekstrarárangur.

Fjáröflun sambandsins hefur ekki gengið eins vel og vonir stóðu til og hefur Fjárhagsneftnd verið óvirk. Að frátöldum opinberum styrkjum og framlögum keppnisfólks eru hvers kyns styrkir frá styrktaraðilum helsta tekjulind sambandsins. Mikilvægur þáttur í að afla slíkra tekna hefur verið útgáfa Skíðahandbókarinnar. Árið 2013 var útgáfan í járnum og því var farið vandlega ofan í saumana á útgáfunni fyrir hausti og rýnt í forsendur fyrir henni. Ljóst er að þessi útgáfa er mikilvægur miðill fyrir hreyfinguna og því slæmt ef útgáfan legðist af. Útgáfunni var fylgt vel eftir og lögðust allir á eitt að halda vel utan um hana og kom handbókin út veglega að vanda í nóvember. Afkoma hennar var um 350.000 kr. Helstu styrktaraðilar sambandsins stóðu þétt við sambandið og áttum við í góðum samskiptum við þá. Smá breyting varð á samningi við Icelandair þar sem skerpt var á fríðindum eins og yfirvikt og lítur út fyrir að sambandinu og Icelandair hafi tekist að skapa betri umgjörð um það þar sem báðir aðilar sitja sátta við. Því miður sá Icelandair sér ekki fært að styðja við

Icelandair-Cup sem hefur verið fastur liður í mótahaldi SKÍ í fleiri áratugi og er það miður. Nýr styrktaraðili kom að mótinu í ár og kunnum við honum þakkir fyrir, en mótið bar nafnið Atomic-Cup. Tryggingamiðstöðin ákvað að halda ekki áfram samstarfi sínu við sambandið og var það miður. Virk leit hefur verið að nýjum styrktaraðilum en á brattann hefur verið að sækja þar sem svo oft endranær. Vonandi verður þó hægt að greina frá uppörvandi tíðindum innan tíðar. Skíðasambandið hefur einnig átt fundi með minni styrktaraðilum sem hafa þá komið að tilgreindum verkefnum þar sem hefur verið höfðað til þess að skíðaíþróttin sé málsvari fjölmennrar almenningsíþróttar. Má í þessu samhengi nefna að auglýsing vegna Snjór um víða veröld verkefnisins var fjármögnuð með þessum hætti.

Þegar kemur að því að minnast starfseminnar og viðburðanna „í fjallinu“ verður ekki komist hjá því að nefna stórt hlutverk veðurguðanna en þeir fóru illa með okkur skíðamenn. Þannig hefur ekki verið meiri snjór í sunnan heiða á þessari öld en opnunardagar sárafaír vegna veðurhams. Svipaða sögu er að segja af öðrum svæðum sem stöðugt þurftu að glíma við veðrið. Þannig nefndu forráðamenn skíðafélaganna að skarð hefði verið hoggið í nýliðun deildanna.

Stóru skíðaviðburðir tímabilsins fóru vel fram án teljandi tafa. Fjölmennstu viðburðirnir voru nú sem endranær Andrésar Andarleikarnir og Fossavatnsgangan. Fertugustu Andrésarleikarnir voru haldnir í miklu vetrarveðri en allir þátttakendur og fylgdarmenn brostu út að eyrum. Gaman er að sjá hversu „síungur Andrés“ er og hversu vel tekst að halda í upphaflegan anda leikanna. Fossavatnsgangan fagnaði einnig stórafmæli en nú eru liðin 80 ár frá því að fyrsta gangan var gengin. Þessum viðburði hefur einnig gengið vel að festa sig í sessi enda hafa skipuleggjendur Fossavatnsgöngunnar lagt sig fram um að kynna hana erlendis og fjölga erlendum þátttakendum. Þetta er fyrsta árið sem gangan var skráð í Worldloppet gönguröðina og skilaði það sér þegar í aukinni skráningu útlendinga. Skrif og kynning erlendis hefur ennfremur orðið umfangsmeiri og er það von okkar að markmiðin gangi eftir.

Unglingameistaramót Íslands var haldið í Bláfjöllum og fór fram við bestu aðstæður sem völ var á. Skíðamót Íslands var haldið á Dalvík og í Ólafsfirði og gekk vel. Fóru þátttakendur og gestir þessara meistaramóta sælir og glaðir heim. Í apríl fór svo fram Kempumótið, en það er mót sem ekki hefur verið haldið lengi innan sambandsins. Mótið fór fram á Akureyri og voru um 50 þátttakendur, viðbrögðin og framkvæmdin var vonum framar og má gera ráð fyrir að þetta mót komi bara til með að stækka næstu ár.

Annað mótahald gekk brösulega og fór til dæmis mótaáætlun Bikarkeppni SKÍ úr skorðum vegna veðurs og aðstæðna. Þannig þurfti að enn og aftur að ljúka bikarkeppni alpagreina eftir að meistaramótunum lauk. Eins þurfti að aflýsa öðru af tveimur bikarmótum brettamanna vegna veðurs. Umræða um bikarmót og fyrirkomulag þeirra er verðugt umræðuefni á Skíðaþingi. Hún verður hins vegar ekki tekin án vangaveltu um þekkingu og kröfu um undirbúning og framkvæmd móta sem við viljum halda.

Af mótum erlendis bera heimsmeistaramótin í alpagreinum í Bandaríkjunum og í göngu í Svíþjóð hæst. Til Bandaríkjanna voru sendir tveir karlar og fjórar konur til þátttöku í svigi og stórsvigi, var árangur þeirra betri en við höfum séð um nokkurn tíma. Í göngukeppninni í Svíþjóð átti Ísland tvo keppendur sem kepptu í þremur greinum. Oft getur dagsformið verið misjafnt en þó er ánægjulegt að sjá að það er stígandi í gönguliðinu. Venju samkvæmt var sent lið keppenda á heimsmeistaramót unglunga sem haldið var í Noregi og svo á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem haldið var í Lichtenstein. Eins sendi Ísland þátttakanda í yngri flokkum

á World Rookie Tour í brettakeppni. Óhætt er að segja að íslenskir keppendur á þessum stóru alþjóðlegu mótum, sem og fylgdarlið, hafi verið þjóðinni og hreyfingunni til sóma. Betur er gerð grein fyrir starfsemi alpagreina, bretta og skíðagöngu í skýrslum fagnefndanna.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum, nefndarmönnum, framkvæmdastjóra, landsliðsþjálfara og skíðahreyfingunni fyrir ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

F.h. stjórnar SKÍ

Einar Þór Bjarnason

Skýrsla alpagreinanevndar SKÍ 2014/2015

Á Skíðahingi 2013 var kosin ný nefnd til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Egill Ingi Jónsson formaður
- Arnór Gunnarsson
- Gunnar Reynisson
- Guðjón Marteinsson
- Sveinn Torfason

Nýtt starfsár AGN hófst í maí 2014 og var nefndin óbreytt og Fjalar Úlfarsson var áfram landsliðsþjálfari.

Nýtt landslið var valið

- Arnar Geir Ísaksson (SKA)
- Einar Kristinn Kristgeirsson (SKA)
- Magnús Finnsson (SKA)
- Sturla Snær Snorrason (SKRR)
- Erla Ásgeirsdóttir (BBL)
- Freydís Halla Einarsdóttir (SKRR)
- Helga María Vilhjálmsdóttir (SKRR)
- María Guðmundsdóttir (SKA)

María gaf ekki kost á sér og tilkynnti að hún hefði lagt skíðin á hilluna vegna erfiðra meiðsla en hún sleit krossbönd rétt fyrir ÓL 2014. Arnar Geir og Sturla gáfu ekki kost af fjárhagsástæðum.

Einnig var valin æfingahópur HM unglunga (ígildi unglingalandslið).

- Sturla Snær Snorrason (SKRR)
- Arnór Dagur Dagbjartsson (SKA)
- Arnar Geir Ísaksson (SKA)
- Sigurður Hauksson (SKRR)
- Thelma Jóhannsdóttir (SFÍ)
- Auður Brynja Sölvadóttir (SKA)

Að lokum var valin hópurinn ungir og efnilegir (16-17 ára) en sá hópur varin valin í tengslum við Ólympíuhátið evrópuæskunnar.

- Arnar Bikir Dansson (SKA)
- Egill Snær Birgisson (SKRR)
- Bjarki Guðjónsson (SKA)
- Björn Ásgeir Guðmundsson (SKRR)
- Jón Gunnar Guðmundsson (SKRR)
- María Eva Eyjólfsdóttir (SKRR)
- Elísa Hilmarsdóttir (SKRR)
- Fanney Ísaksdóttir (SFÍ)
- Andrea Björk Birkisdóttir (Dalvík)
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir (SKRR)

Maí

Haldin var ein æfingahelgi fyrir landslið og æfingahópana í maí í Bláfjöllum og gekk hún ágætlega þrátt fyrir dágóða rigningu, einnig var æft þrek, skipulag og umsjón var í höndum Fjalars og Egils Inga

Júní – júlí

Liðin komu saman í Reykjavík seinni hluta júní og gerð voru þrektest á liðinu. Þá voru gerðar hoppmælingar og líkams- og hreyfigreiningar í samstarfi við Atlas endurhæfing, en vönduð líkamsþjálfun verður æ mikilvægari þáttur í allri þjálfun skíðamanna og þar getur okkar skíðafólk bætt sig verulega. Steinar Aðalbjörnsson næringafræðingur hélt fyrirlestur um næringu skíðamanna og að lokum fór hópurinn í Lasertag og út að borða og varð úr hin mesta skemmtun.

Ágúst – október

Farnar voru 3 æfingabúðir á haustmánuðum til Hintertux og æft þar í um það bil tvær vikur í senn við góðar aðstæður heilt yfir. Fjalars var með hópinn, honum til aðstoðar að hluta til var Flemming frá Danmörku en SKÍ hefur átt ágætt samstarf við Danska sambandið og hefur ungur dani æft með liðinu og ekki útlilokað að frekara samstarf verði við danska skíðasambandið í framtíðinni. Arnór Dagur sóttist eftir að fá að vera með í meira prógrammi en í boði var fyrir HM unglunga hópinn og var orðið við þeirri beiðni, enda var opnað á þann möguleika fyrir þá sem voru í æfingahópnum. HM unglingahóp var boðið að taka þátt í Október æfinguferð, Arnór Dagur var sá eini sem mætti úr þeim hóp, aðrir mættu ekki af ýmsum ástæðum.

Nóvember – desember

Áætlað var að vera í Geilo á þessu tímabili, lítil snjór í Noregi setti strik í reikninginn en liðið þurfti að leggjast í ferðalög um Noreg til að finna snjó. Því miður kom þetta niður á gæði æfinga, eins riðlaðist móthald í byrjun en þó komst jafnvægi á þegar leið á desember. Farið var með alla hópa í keppnisferð til Svíþjóðar í desember þar sem einstaklingar í ungir og efnilegir stigu sín fyrstu skref á FIS mótum og fengu þau góða reynslu þar. Aðstoðarmenn Fjalars í keppnisferðinni til Svíþjóðar voru Jón Viðar og Grímur Rúnarsson

Janúar – febrúar

Landsliðið fór í undirbúningsferð fyrir HM til Noregs í janúar, æft var og keppt í nokkrum mótum. Helga María fór á eigin vegum í keppnisferð til Evrópu í byrjun janúar þar sem hún náði frábærum árangri í tveimur svigmótum, einnig var áætlað að hún keppti í E-cup í bruni en vegna aðstæðna var því aflýst, en hún ætlaði einnig að keppa í bruni í Noregi í desember en því var einnig aflýst. María Guðmundsdóttir tók fram skíðin aftur og byrjaði að æfa í desember, hún fór vel af stað og bauðst því að koma aftur inn í liðið eftir að hún náði góðum árangri á mótum í byrjun janúar. Einar Kristinn náði 2.sæti á móti í Jölster í Noregi í undirbúningsmótum fyrir HM. Í lok janúar fóru fimm einstaklingar á Ólympíuhátíð evrópuæskunar í Austurríki/Lichtenstein. Þetta voru Arnar Birkir Dansson (SKA), Elísa Arna Hilmarsdóttir (SKRR), María Eva Eyjólfsdóttir (SKRR), Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir

(SKRR) og Andrea Björk Birkisdóttir (Dalvík). Landsliðið fór svo á HM í Vail/Beaver Creek í USA, valdir voru Einar Kristinn, Magnús, Sturla Snær, Arnar Geir, Freydís Halla, Erla, Helga María og María. Arnar Geir og Sturla gáfu ekki kost á sér. Farið var í byrjun febrúar til æfinga fyrir HM og ekki síður til venjast miklum tímamun og hæð, en keppnin fór fram í um 3000 metra hæð. Gist var fyrstu dagana í Golden rétt fyrir utan Denver og æft í Winterpark, svo farið farið rétt fyrir mót á mótsstað. Árangur liðsins var mjög ásættanlegur og sérstaklega hjá stelpunum en María Guðmundsdóttir náði 36.sæti í svigi. Töluverð bætning var frá síðasta HM, flestir voru nú styttra á eftir fyrsta manni en á HM 2013. Strákarnir náðu mjög góðum árangri í undankeppninni, Einar varð í 16.sæti en 25 fyrstu tryggja sér þátttökurétt í aðalkeppninni, Magnús hafnaði í 27.sæti og því hársbreidd frá sæti í aðalkeppninni. Í farastjórn og Fjalari til aðstoðar voru Egill Ingi, Jón Viðar, Einar Þór og María Magnúsdóttir sjúkráþjálfari. Freydís Halla framlengdi dvöl sína í Bandaríkjunum eftir HM og keppti þar á tveimur svigmótum, vann annað þeirra og var í 3.sæti á hinu.

Mars – apríl

Í mars var komið að HM unglunga en þátttakendur þar voru Einar Kristinn, Sigurður Hauksson (keppti ekki þar sem hann handleggsbrotnaði), Kristinn Logi og Arnór Dagur, Erla, Freydís (keppti ekki vegna meiðsla), Helga María, Auður Brynja og Thelma. Arnar Geir og Sturla gáfu ekki kost á sér í verkefnið. Æft var og keppt í Noregi í aðdraganda dagana á undan. Helga María gaf ekki kost á sér í keppni í tæknigreinum og keppti eingöngu í hraðagreinum, hún féll í síðari æfingaferð í bruni og meiddist eftir að hafa gert góða hluti í æfingunum á undan. Ljóst er að HM unglunga er orðið gríðarlega sterkt mót þar sem margir mjög jafnir keppendur eru að keppa, það má velta fyrir sér hvort herða þurfi þau viðmið sem stuðst er við varðandi þátttöku í svo sterku móti. Fjalari til aðstoðar voru Grímur Rúnarsson og Pétur Stefánsson. Í lok mars var svo komið að SMÍ á Dalvík og þar var allt landsliðsfólkið mætt til keppni, mótið fór vel fram, farin var ein keppnisferð til Noregs í apríl og eins fór landsliðfólk einnig á mót á eigin vegum, María Guðmundsdóttir varð í 3.sæti á norska meistaramótinu sem verður að teljast frábær árangur.

Lokaorð

Heilt yfir má segja að þetta hafi verið viðburðaríkt tímabil þar sem HM var stærsti viðburðurinn. Veturinn var að mörgu leiti erfiður, sérstaklega frá desember þar sem mótahald riðlaðist mjög víða í skandinavíu og evrópu. Þetta gerði það að verkum að meiri tími fór í ferðalög en áður og þurfti sífellt að breyta upphaflegu plani. Gefin var kostur á að fleiri gætu teki þátt í verkefnum með landsliði en áður og reyndi þetta mikið á þjálfarann þar sem fjöldin var á köflum meiri en æskilegt væri, reyndist erfitt að fá aðstoðarfólk í ferðir. Ljóst er að sumt hefur verið vel gert en alpagreinanevnd og landsliðsþjálfari eru stöðugt byggja á því sem vel gengur og læra og bæta þá hluti sem betur mættu fara og teljum við málefni landsliðs hafi tekið framförum á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að núverandi nefnd og þjálfari tóku við.

Það er óhætt að segja að landsliðsþjálfari, formaður alpagreinanevndar, formaður SKÍ, alpagreinanevnd, stjórn SKÍ og í raun öll skíðahreyfingin hafi orðið fyrir árásum og gagnrýni frá Vilhjálmí Ólafssyni í fjölmiðlum og samskiptamiðlum. Það er umhugsunarvert að einstaklingur í hreyfingunni okkar geti óáreyttur gengið fram með þeim hætti sem raunin

varð. Gagnrýni er eðlileg en það sem fram hefur komið í vetur er langt umfram það að teljast gagnrýni, þetta eru hreinar og klárar árásir og jaðrar við meiðyrði í garð einstaklinga. Það er klárt að landsliðfólkið og aðrir iðkendur leggja mikið á sig og einnig leggja flestir foreldrar töluverða fjármuni fram til þessa að gera sínum börnum kleift að stunda íþróttina. Ef þetta er það sem koma skal verður en erfiðara að fá fólk til starfa í hreyfingunni. Einnig verður að segjast að þessi svokallaði fréttáflutningur var í raun sorglegur og ótrúlegt að íþróttafréttamenn skuli leggjast svo lágt að birta slíkar fréttir þar sem vegið er að mannorði landsliðsþjálfarans og annara sem að landsliðinu standa.

Fjalar Úlfarsson hefur sagt starfi sínu lausu sem landsliðsþjálfari og er honum þakkað fyrir gott samstarf á þeim 3 árum í starfi landsliðsþjálfara, leit stendur yfir að eftirmanni hans.

F.H. alpagreinanevndar

Egill Ingi Jónsson formaður

Skýrsla Skíðagöngunefndar Keppnistímabilið 2014/2015

Skipan SGN.

Á síðasta Skíðafingi voru eftirtalin kosin í nefndina:

- Birgir Gunnarsson, formaður
- Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
- Kristbjörn R. Sigurjónsson
- Kristján Hauksson
- Ólafur H. Björnsson

SGN skipti þannig með sér verkum að Ólafur og Kristján tóku að sér að halda utan um samskipti við A-lið og Kristbjörn og Hólmfríður Vala tóku að sér samskiptin við yngra liðið og mál er varða skíðagöngu sem almenningsíþrótt og samskiptin við Trimmnefnd.

SGN hefur fundað nokkuð reglulega og í langflestum tilvikum eru það símafundir.

A-landslið:

Í liðið voru valdir þeir Brynjar Leó Kristinsson og Sævar Birgisson. Markmið þeirra beggja fyrir tímabilið var að ná lágmarkum fyrir HM í Falun í Svíþjóð. Brynjar var áfram með aðsetur í Ulricehamn í Svíþjóð og æfði þar undir handleiðslu þjálfara síns. Sævar var hins vegar með aðsetur á Íslandi og æfði hér heima s.l. sumar og haust. Sævar flutti sig síðan til Nordseter í Noregi í nóvember.

Keppnistímabilið hófst svo hjá þeim í lok nóvember. Sævar lenti í veikindum og gat ekki tekið þátt í neinum FIS mótum fyrir áramót. Þetta setti verulegt strik í reikningin hjá honum varðandi undirbúning fyrir HM. Brynjar keppti hins vegar á FIS mótum í Noregi og Svíþjóð og náði góðum árangri. Bestum árangri náði hann á FIS móti í Falun þegar hann lenti í 95.sæti í 15km og fékk fyrir það 89,32 FIS punkta og svo á sænska meistaramótinu í Örebrö þegar hann náði 24.sæti í 15km og fékk fyrir það 99 FIS punkta. Sævar keppti á Finnska meistaramótinu í lok janúar og náði þar góðum árangri í 30 km göngu þegar hann lenti í 65 sæti og fékk 120 FIS punkta. Þeir kepptu svo báðir á HM í Falun um miðjan febrúar þar sem Brynjar náði 78.sæti í 15km og Sævar náði 67.sæti í sprettgöngu. Saman kepptu þeir svo í sprettboðgöngu og náðu þar 25.sæti.

Yngra lið:

SGN ákvað að velja ekki sérstakt yngra lið fyrir þetta tímabil en reyna frekar að hvetja sem flesta til að keppa að því að taka þátt í þeim verkefnum sem SGN bauð uppá. Sent var bréf til allra ungmenna sem komin voru á framhaldsskólaaldur og þau hvött til dáða og tilgreind voru þau skilyrði sem uppfylla þyrfti til að eiga möguleika á að taka þátt í verkefnum á vegum SGN. Skilyrðin sem uppfylla þurfti voru m.a. þátttaka á samæfingum, halda æfingadagbók, umsögn þjálfara og árangur á mótum.

Verkefni fyrir þennan hóp var m.a. alþjóðleg samæfing sem Norska skíðasambandið bauð til. Á þessa æfingu sendi SGN fjórar stúlkur þær; Sólveigu Maríu Aspelund, Hugrínu Pálu Birnisdóttur, Elenu Dís Víðisdóttur og Jónínu Kristjánsdóttur. Fararstjórar í ferðinni voru þeir Vadim Gusev og Brynjar Leó Kristinsson.

Tveir drengir voru valdir til þátttöku í Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem haldin var í Austurríki og Lichtenstein í lok janúar. Þeir sem valdir voru til þátttöku þar voru ísfirðingarnir Dagur Benediktsson og Albert Jónsson. Árangur þeirra var góður en Dagur varð nr. 78 í 7,5km og 10 km og nr. 63 í sprettgöngu en Albert varð nr. 56 í 7,5km, nr. 76 í 10km og nr. 59 í sprettgöngunni. Fararstjóri með þeim var Steven Gromatka þjálfari ísfirðinga

Samæfingar:

Tvær samæfingar voru haldnar á vegum SGN síðasta sumar og haust. Þ.e. í Reykjavík, og á Ísafirði. Ágæt þátttaka var á þeim og tókust þær vel. Samæfingarnar í Reykjavík og á Ísafirði voru opnar öllum 13 ára og eldri. Steinar Mundal einn af landsliðsþjálfurum norska skíðagöngulandsliðsins mætti á samæfinguna í Reykjavík og var gríðarlegur fengur af komu hans. Hann sagði þátttakendum til varðandi tæknileg atriði á hjólaskíðum og auk þess hélt hann fyrirlestur fyrir iðkendur og þjálfara um þjálfun og allt sem viðkemur tækni í skíðagöngu. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur og tókst vel.

Sumarskíðaskóli Sævars:

Sævar Birgisson hélt sumarskíðaskóla fyrir iðkendur á aldrinum 12-15 ára um miðja júlí. Mjög góð þátttaka var í skólann og mættu alls 20 ungmenni og bjuggu saman í Mosfellsbæ í þrjá daga og æfðu undir handleiðslu Sævars og fleiri kapp. Þetta tókst í alla staði mjög vel og verður vonandi framhald á.

Mótamál:

Þátttaka á bikarmótum hefur verið frekar dræm undanfarin ár og sama má segja um þátttöku á SMÍ og UMÍ. Þátttaka á UMÍ hefur þó heldur verið að glæðast s.l. tvö ár. Hins vegar hefur þátttaka í almenningsgöngum (Íslandsgöngunni) verið góð og þar má greina aukningu ár frá ári. Bikarmót eða Íslandsganga eru haldin flestar helgar vetrarins sem þýðir að mótin dreifast mikið og mikil ferðalög í tengslum við þau. Mótin dreifast á 10-12 helgar yfir veturinn og má leiða að því líkum að það dragi úr aðsókn sökum mikilla ferðalaga og kostnaðar.

SGN vill leita leiða til að fjölga þátttakendum á skíðagöngumótum en fækka mótahelgum og þjappa mótum meira saman. Þetta yrði gert með því að í öllum tilvikum yrðu bikarmót og Íslandsganga á sama stað á sömu helgi. Þetta myndi þýða minni ferðalög fyrir iðkendur og mótin yrðu að stærri viðburðum en nú er. Einhverjar undantekningar verða á þessu og á það sérstaklega við um Fossavatnsgönguna. SGN leggur einnig áherslu á að mótahald byrji fyrr en nú er og a.m.k. eitt bikarmót/Íslandsganga verði haldið fyrir áramót.

F.h. Skíðagöngunefndar SKÍ
Birgir Gunnarsson, formaður

Skýrsla Snjóbrettanefndar 2014/2015

Starfsár Snjóbrettanefndar hófst að loknu skíðaþingi í maí 2013. Í nefndinni sitja: Friðbjörn Benediktsson formaður, Jóhann Borgþórsson, Kristján Kristjánsson, Leifur Sigurðsson og Hákon Viðarsson.

Nokkrir símafundir voru haldnir og var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttað. Ákveðið var að halda tvö bikarmót. Annað í Bláfjöllum og hitt í Hlíðarfjalli. Bretta og bikarmót sem haldið var á Akureyri í mars en Bretta og bikarmót sem halda átti í Bláfjöllum féll niður vegna veðurs. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum, Þar voru rétt um 100 iðkendur skráðir til leiks og komu þeir frá; SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, Dalvík, og Tindastóli en það var í fjórða sinn sem keppt var á snjóbrettum á þessum leikum.

Á síðasta ári gekk SKÍ í World Snowboard Federation, þar með varð SKI fullgildur þátttakandi í samstarfi 21 þjóða á sviði snjóbredda. WSF hefur staðið fyrir mótarið sem kallast World Rookie Tour. Þessi mót eru fyrir 15 ára og yngri og einnig fyrir 16 til 18 ára. Mótin eru haldin í u.þ.b. 10 löndum ár hvert, eitt í hverju landi. Á síðustu tveimur árum höfum við átt fulltrúa í yngri flokki. Þrír Íslendingar hafa tekið þátt í þessari mótarið. Stefnan er fjölga þátttakendum enn frekar og styðja við bakið á þeim aðilum sem sækja þessa mótarið.

Farið var yfir þjálfaramál og hvernig þálfun væri best háttað. Síðan var tekin sú ákvörðun um að fá hingað til lands Nicola Thost fyrrum ólympíumeistara sem heldur námskeið víðsvegar í Evrópu fyrir snjóbrettaiðkendur. Var þetta gert í samvinnu við SKA og Andrésar Andarleikana 2014.

Í umræðunni var síðan að reyna að fá dómara til landsins til að halda námskeið og fara yfir alþjóðlegar reglur í kring um snjóbrettaiðkun. Með það að markmiði að flestir þjálfarar og dómara hafi tilskilin réttindi hvað varðar þjálfun og dómgæslu. Snjóbrettanefnd Skíðasambands Íslands stóð fyrir dómara námskeiði á snjóbrettum sem nýtist einnig sem þjálfara námskeið. Námskeiðið fór fram helgina 15.-16.nóvember 2014. Að námskeiði loknu hlutu allir réttindi hjá bæði FIS og TTR mótariðinni.

- FIS C dómara réttindi
- TTR C dómara réttindi

Kennarinn á námskeiðinu var Jacek Milas sem er frá Póllandi. Hann hefur FIS A og TTR dómara réttindi og hefur reynslu af dómgæslu í Heimsbikarmótum.

Á næsta starfsári liggur fyrir að fá mann til landsins sem gæti haldið námskeið fyrir troðaramenn til að læra að setja upp aðstöðu fyrir snjóbrettaiðkendur. Við teljum að það vanti þekkingu á flest skíðasvæði á landinu að þessu leiti. Við þurfum að fá samband skíðasvæða með okkur í lið til að halda svona námskeið.

Snjóbrettanefnd þakkar þeim sem komu að starfi nefndarinnar og lögðu hönd á plóg. Einnig er rétt að þakka styrktaraðilum SKÍ fyrir þeirra framlög.

F.H snjóbrettanefndar; Friðbjörn Benediktsson

Mótanefnd SKÍ

Skýrsla mótanefndar SKÍ 2013 – 2015.

Í mótanefnd SKÍ tímabilið 2013-2015 sátu Óskar Óskarsson formaður, Dan Brynjarsson, Kári Jóhannesson og Benedikt Hermannsson

Nefndin kom nokkurum sinnum saman á tímabilinu en þess utan voru nefndarmenn mikið í sambandi símleiðis og í tölvusamskiptum.

Mótanefnd lagði fram drög af mótatöflum SKÍ með dagsetningum móta á skíðaþingi vorið 2013 og á ársfundinum 2014. Gefin var frestur í viku til þess að gera athugasemdir við dagsetningar en engar formlegar athugasemdir bárust en einhverjar fyrirspurnir. Mótatöflurnar voru síðan lagðar fram með staðsetningum á formannafundum árána 2013 og 2014. Bæði árin var töluvert um verkefni erlendis á vegum SKÍ í báðum flokkum sem tillit var tekið til í mótatöflunni. Augljóslega fækka verkefni SKÍ erlendis þeim helgum sem í boði eru til mótahalds en samstaða er um það í hreyfingunni að ekki verði haldin bikarmót á meðan verkefni á vegum SKÍ eru erlendis.

Skíðavertíðir árána 2014-2015 eiga það sameiginlegt að mjög erfilega gekk að halda mótin á fyrirfram ákveðnum helgum. Mikið var um frestun móta bæði vegna veðurs, aðstæðna og ferðalaga til og frá fyrirhuguðum mótssstöðum. Á það við bæði í göngu, alpagreinum og brettum. Mótanefnd SKI hefur haft það fyrir reglu að láta mótshaldara alfarið um að ákveða hvort mót afert er á fyrirhuguðum mótssstað eða ekki. Mótanefnd telur réttast að láta mótshaldara meta veðurútlit á mótssstað hverju sinni en veðrið er í aðalhlutverki þegar kemur að frestun eða tilfærslu móta. Þá hefur nefndin ekki vald til þess að taka úthlutað mót af mótshaldara. Hlutverk mótanefndar er að bregðast við ef mótshaldari óskar eftir að fresta móti eða gefa það frá sér.

Eins og áður sagði voru veturnir 2014 og 2015 okkur erfiðir og hafði nefndin í mörgu að snúast þar sem illa gekk að halda mótatöflunni á réttu róli. Munurinn á þessum tveimur veturnum lá í því að 2014 var mótum frestað með styttri fyrirvara en æskilegt er þar sem illa gekk að sjá veðurþróun með góðum fyrirvara. Í vetur var hins vegar hægt að bregðast við með lengri fyrirvara þar sem veðurlag var mikið fyrirsjáanlegra. Tilfærslur móta milli landshluta eða svæða voru í flestum tilfellum ekki í boði þar sem sama veður var meira og minna um allt land og erfitt til mótahalds og ferðalaga.

Mótanefnd raðar eftirlitsmönnum niður á mót og gekk það ágætlega í öllum greinum þrátt fyrir endalausar frestannir og tilfærslur. Mótanefnd hefur orðið vör við það að félögin virðast ekki hafa á hreinu hvaða aðilar innan þeirra félaga hafa eftirlitsmannaréttindi. Þessu þarf að koma í lag og hafa alla eftirlitsmenn með réttindi skráða í öllum greinum. Það er álit mótanefndar að það sé í verkahring félaganna að halda utan um sína eftirlitsmenn og hverjir vilja taka verkefni að sér.

Síðustu þrjá vetur hafa aðildarfélög tilnefnt tengiliði félaga til SKÍ. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og heldur í flestum tilfellum en þó með undantekningum. Fyrirkomulagið einfaldar öll samskipti við mótanefnd og lítur nefndi svo á að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.

Umsóknir í mót. Á árunum 2014-2015 voru umsóknir í bikarmót alpagreina í flokki 16 ára og eldri ekki jafn margar og fjöldi bikarmóta í flokknum og þurfti mótanefnd að setja sig í samband við félög og biðja þau um að taka að sér mót. Hvað veldur er ekki gott að segja en

líklegasta skýringin er fækkun keppenda og að félögin eiga ekki keppendur í flokknum. Þá spilar kostnaður eflaust eitthvað inn í þar sem tekjur af þessum mótum duga rétt fyrir kostnaði. Í 14-15 ára flokki hafa umsóknir hins vegar verið fleiri en fjöldi bikarmóta sem veldur því að ekki hefur verið hægt að úthluta öllum mótum sem sóttu um að halda mót. Þetta á við bæði í göngu og alpagreinum en brettanefnd hefur séð um að staðsetja bikarmótin á brettum. Í göngunnu hefur myndast ákveðin hefð milli mótshaldara sem hafa skipst á að halda bikarmótin og Íslandsgöngurnar.

Alpagreinar

Á árunum 2014-2015 voru haldin tvö FIS-ENL mót fyrstu mótahelgi keppnistímabilssins. Annað mótið var bikarmót/ENL, SL - GS. Síðan var haldið annað mót sömu helgina, SL - GS sem einungis voru ENL mót. Með þessu fyrirkomulagi ná punktalausir keppendur sér í sín fyrstu FIS stig og eru þá ekki punktalausir allt keppnis tímabilið. Tvö mót þarf til þess að fá FIS stig sem næst á einni mótahelgi með þessu fyrirkomulagi. Með þessu telur mótanefnd að komið verði fyrir ágreining sem hæglega getur komið upp, það er að þorri yngstu keppendanna keppi heilan vetur punktalausir. Þessi hugmynd byggðist á því að áfram verði stuðst við FIS stig þegar dregið er í ráshópa á mótum en undanfarin ár hefur verið stuðst við FIS reglur í mótahaldi. Það er álit mótanefndar að þessi leið hafi heppnast vel.

Sú breyting varð gerð á Skíðþingi 2013 að leitast skuli við að halda bikarmótin fjögur í 16 ára og eldri á þremur helgum í stað fjögurra og með því reyna að ná kostnaði keppenda aðeins niður með færri keppnisferðum. Í dag er þetta fyrirkomulag notað og ekki nein áformum um breytingar. Vandamálið við að keppa í þremur greinum sömu helgina á tveimur mótum er að ef ein helgi dettur út eða til dæmis ein grein af þremur geta mótamálin auðveldlega farið í uppnám. Nefna má að vorið 2014, 4. maí, varð að halda eitt mót í 16 ára og eldri í GS á Siglufirði til þess að uppfylla reglur SKI um fjölda bikarmóta til að ná að klára bikarkeppni SKÍ. Bikarkeppninni lauk því ekki á Skíðamóti Íslands eins og stefnt er að ár hvert. Sama staða kom síðan upp í vetur að bikarkeppnum SKI lauk ekki fyrir meistaramótin. Engin regla segir að svo þurfi að vera en þessi mót eru í raun uppskeruhátíðir keppenda og því væri æskilegt að geta krýnt bikarmeistara á þeim.

Veturinn 2013-2014 var Skíðamót Íslands haldið á Akureyri og Unglingameistaramótið var haldið á Dalvík og Ólafsfirði. Veturinn 2014-2015 var Skíðamót Íslands á Dalvík og Ólafsfirði og Unglingameistaramótið var haldið af SKRR í Bláfjöllum. Mótin tókust mjög vel bæði árin og voru mótshöldurum til sóma. Umgjörð meistaramótanna hefur verið nokkuð til umræðu síðustu ár og hefur SKÍ lagt á það áherslu að mótshaldarar vandi til verka. Í vetur fundaði mótanefnd ásamt fulltrúum frá SKÍ með mótshöldurum meistaramótanna. Á þessum fundum var farið yfir framkvæmdaráætlun mótshaldara og rætt um það hvernig hægt væri að gera mótin að meiri viðburðum. Það er álit mótanefndar að slíkir fundir skili góðum árangri og séu komnir til að vera.

Andrésar Andar leikarnir fóru fram í Hlíðarfjalli og hófust eins og hefð er fyrir á sumardaginn fyrsta bæði árin en í ár eru 40 ár frá fyrstu leikunum. Svipaður fjöldi tók þátt í leikunum bæði árin eða um 700 keppendur. Bæði árin kom veður nokkuð við sögu en Andresarmenn kláruðu mótið þrátt fyrir mis góðar aðstæður mótisdagana.

Staðsetningar móta á árunum 2014-2015 voru þessar:

<p>2013-2014: <u>16 ára og eldri</u> Akureyri – 24.-25.janúar Ísafjörður – 15.-16.febrúar SMÍ Akureyri – 4.-6.apríl Icelandair Cup – 8.-9.apríl Siglufjörður – 4.maí <u>14-15 ára</u> Akureyri – 1.febrúar Reykjavík – 22.-23.febrúar UMÍ Dalvík/Ólafsfjörður – 28.-30.mars Akureyri – 12.-13.apríl</p>	<p>2014-2015: <u>16 ára og eldri.</u> Akureyri 9 – 10.janúar Oddskarð – 21.febrúar Akureyri – 24-26.mars SMÍ Dalvík/Ólafsfirði – 20.-22.mars Atomic-Cup – 24.-26.mars <u>14 - 15 ára</u> Siglufjörður – 24.janúar Akureyri – 21.febrúar Dalvík – 18-19.apríl UMÍ Reykjavík – 28-30.mars</p>
--	--

Skíðaganga

Líkt og áður voru þrjú bikarmót í göngu með þremur keppnisdögum, árið 2014 þurfti aðeins að færa eitt bikarmót til vegna veðurs, en nú árið 2015 þurfti að færa tvö bikarmót til vegna veðurs en þó tókst að koma þeim í mótatöflu og lauk bikarmótinu með SMÍ og UMÍ. Eftirlitsmannamálin hafa oft verið erfið í göngu, en nú í vetur gekk ágætlega að manna mótin.

Árið 2014 var Skíðamót Íslands haldið á Akureyri og Unglingameistaramótið var haldið á Dalvík og Ólafsfirði. 2015 var Skíðamót Íslands á Dalvík og Ólafsfirði og Unglingameistaramótið var haldið af SKRR í Bláfjöllum. Mótin tókust mjög vel bæði árin og voru mótshöldurum til sóma.

Íslandsgangan hefur lengi átt sinn stað í mótaskrá Skíðasambandsins og voru þau öll haldin 2015, fyrst Hermannsgangan á Akureyri þann 10.janúar, þá Fjarðargangan á Ólafsfirði daginn eftir. Síðan var Bláfjallagan á dagskrá en henni þurfti að fresta í tvígang og fór hún svo loks fram samhliða UMÍ í Bláfjöllum, Standagan á Hólmavík fór fram í loki febrúar, svo þurfti að fresta Orkugöngunni sem átti að ganga á milli Kröflu og Húsavíkur um meina viku og fór hún fram 18.apríl. Svo að lokum fer Fossavatsngangan fram laugardaginn 2.maí og er ljóst að um metþátttöku verður um að ræða og þegar þetta er skrifað eru 610 þátttakendur skráðir.

Snjóbretti


Brettanefndin stóð fyrir tveimur mótum í vetur. Bretta og bikarmót sem halda átti í Bláfjöllum var frestað og hefur ekki verið haldið. Bikarmót átti að halda á Akureyri í byrjun mars en var frestað vegna veðurs fram í apríl. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum. Þar voru rétt um 90 skráðir til leiks frá SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, og Tindastóli en það var í fjórða sinn sem keppt var á snjóbrettum á Andres.

Mótanefnd SKÍ þakkar gott samstarf við mótshaldara í vetur.

Fyrir hönd mótanefndar SKI
Óskar Óskarsson formaður


Skíðaiþróttir (SKÍ)

Iðkendur eftir aldri 2013



Iðkendur SKÍ 2013 eftir búsetu	KVK <15		KK <15		KVK =>16		KK =>16		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Heildarfjöldi iðkenda	460	47,4%	510	52,6%	210	45,8%	249	54,2%	1.429
Austurland	60	44,8%	74	55,2%	33	57,9%	24	42,1%	191
Höfuðborgarsvæði	160	47,2%	179	52,8%	38	36,5%	66	63,5%	443
Norðurland eystra	155	45,2%	188	54,8%	85	47,2%	95	52,8%	523
Norðurland vestra	20	46,5%	23	53,5%	20	46,5%	23	53,5%	86
Suðurland	2	66,7%	1	33,3%	2	66,7%	1	33,3%	6
Suðurnes	2	50,0%	2	50,0%	2	66,7%	1	33,3%	7
Vestfirðir	57	60,0%	38	40,0%	25	45,5%	30	54,5%	150
Vesturland			2	100,0%	2	33,3%	4	66,7%	8
Vantar uppl./erl.	4	57,1%	3	42,9%	3	37,5%	5	62,5%	15

Iðkendur 1994-2013






Starfsskýrslur ÍSÍ - ÍDKENDUR 2013

	Konur		Konur samtals		Karlar		Karlar samtals		Bæði			Samtals íök. 2013	Fyrri ár (2012)	Fj. íþróttshéraða		Fjöldi íþróttafélaga		Breyting íkëndur	
	-15	16+	-15	16+	-15	16+	-15	16+	2013	2012	2013			2012	fjöldi	%			
Knattspyrna	4.837	1.697	6.534	9.772	4.409	14.181	14.609	6.106	24	25	127	123	1.043	5,30%					
Golf	342	4.623	4.965	1.134	10.780	11.914	1.476	15.403	23	23	62	61	-250	-1,46%					
Hestáíþróttir	1.864	3.725	5.589	1.199	4.667	5.866	3.063	8.932	21	21	45	47	672	6,23%					
Fimleikar	6.984	566	7.550	3.471	227	3.698	10.455	793	16	17	30	34	1.592	16,49%					
Handknattleikur	2.004	841	2.845	3.143	1.356	4.499	5.147	2.197	10	10	26	25	-592	-7,46%					
Körknattleikur	1.257	695	1.952	2.496	2.191	4.687	3.753	2.886	22	24	69	72	5	-0,08%					
Frjálisíþróttir	1.513	898	2.411	1.480	715	2.195	2.993	1.613	21	21	88	90	-61	-1,31%					
Baðminton	923	925	1.848	1.060	1.618	2.678	1.983	2.543	16	16	24	24	-9	-0,20%					
Skotfimi	0	249	249	1	3.698	3.699	1	3.947	17	16	20	19	637	19,24%					
Dans	1.322	1.079	2.401	458	602	1.060	1.780	1.681	8	8	13	14	-410	-10,59%					
Sund	1.565	290	1.855	1.113	240	1.353	2.678	530	21	21	42	46	437	15,77%					
Blak	406	1.544	1.950	249	788	1.037	655	2.332	16	16	48	49	275	10,14%					
Mótörhj. og snj.sí.íþr.	41	233	274	114	2.136	2.250	155	2.369	12	11	18	18	-141	-5,29%					
Tennis	195	599	794	231	783	1.014	426	1.382	4	4	8	8	283	18,56%					
Síglingar	37	281	318	119	1.181	1.300	156	1.462	7	7	161	8	134	9,03%					
Skiáíþróttir	460	210	670	510	249	759	970	459	10	10	22	22	152	11,90%					
Karate	290	108	398	777	216	993	1.067	324	7	7	12	11	34	2,51%					
Ski/mingar	59	332	391	258	671	1.320	317	1.003	3	4	3	4	165	14,29%					
Kraftlyftingar	10	282	292	15	758	773	25	1.040	10	9	14	15	126	13,42%					
Íþróttir fatlaðra	71	330	401	120	474	594	191	804	995	1.131	11	13	15	17	-12,02%				
Taekwondo	160	120	280	485	215	700	645	335	8	8	14	14	-11	-1,11%					
Judo	71	63	134	432	366	798	503	429	6	6	9	9	163	21,20%					
Borðtennis	58	130	188	136	434	570	194	564	6	6	10	10	-20	-2,57%					
Ákstsursíþróttir	5	51	56	9	671	680	14	722	7	7	9	9	44	6,36%					
Íshokki	45	93	138	235	271	506	280	364	3	3	4	4	22	3,54%					
Listskautar	492	49	541	16	0	16	508	49	2	2	3	3	101	22,15%					
Lyftingar	29	134	163	33	327	360	62	461	4	5	5	6	64	13,94%					
Keila	46	95	141	103	253	356	149	348	3	3	6	5	-25	-4,79%					
Gíma	79	47	126	107	148	255	186	195	8	8	18	18	21	5,83%					
Almenningsíþróttir	1.565	1.313	2.878	2.019	960	2.979	3.584	2.273	16	14	35	32	455	8,42%					
Klúfur	54	217	271	101	551	652	155	768	2	2	2	2	538	139,74%					
Vegtennis	0	146	146	2	679	681	2	825	2	2	2	2	47	6,03%					
Hnefaleikar	39	189	228	157	348	505	196	537	5	4	6	5	242	49,29%					
Hjólreiðar	5	96	101	5	445	450	10	541	5	4	8	6	163	42,01%					
Bogfimi	20	68	88	52	214	266	72	282	4	4	5	1	344	3440,00%					
Wushu	21	111	132	67	103	170	88	214	1	1	1	1	62	25,89%					
Þriðbraut	0	98	98	0	159	159	0	257	7	7	9	9	61	31,12%					
Fisflug	0	20	20	0	203	203	0	223	1	1	1	1	23	11,50%					
Hafna- og mjúkkbolti	8	26	34	73	103	176	81	129	1	1	1	1	33	18,64%					
Aikido	17	43	60	41	96	137	58	139	2	1	2	1	52	35,86%					
Jiu jitsu	14	45	59	41	57	98	55	102	1	1	1	1	-88	-35,92%					
Bandy	7	42	49	27	49	76	34	91	2	1	2	1	67	115,52%					
Þarflaup	22	20	42	29	30	59	51	50	2	1	2	1	59	140,48%					
Svifflug	0	4	4	0	71	71	0	75	2	2	2	2	5	7,14%					
Rugby	0	4	4	1	69	70	1	73	4	1	2	1	33	80,49%					
Krulla	0	11	11	0	61	61	0	72	2	2	2	2	1	-1,41%					
Íþróttahéraðir og greinar utan sérambanda	26.937	22.742	49.679	31.891	44.642	76.533	58.828	67.384	/	/	/	/	6.402	5,34%					

Sund	18
Frjálsar	14
Skíðaíþróttir	14
Körfuknattl.	13
Fimleikar	12
Blak	8
Keila	8
Knattspyrna	7
Karate	7
Listskautar	6
Boccia	5
Dansíþróttir	4
Handknattl.	4
Taekwondo	4
Kraftlyftingar	4
Júdó	3
Bogfimi	3
Íshokki	2
Skotfimi	2
Hnefaleikar	2
Bandý	2
Badminton	1
Hjólreiðar	1
Klifuríþróttir	1
Motocross	1
Lyftingar	1
Bootcamp	1
Íþr. skóli	1
Borðtennis	1
Raðlaup	1
Glima	1

Þjálfarar sem luku fjarnámi 1. stigs ÍSÍ, alm. hluta 2013, 2014 og vor 2015



KSÍ og GSÍ kenna sjálf alm. hlutann

